

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 111/2016

2017/EES/76/08

frá 3. júní 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1005 frá 25. júní 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir blý í tilteknum matvælum <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1006 frá 25. júní 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir ólífrænt arsen í matvælum <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætast við í lið 54zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32015 R 1005:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1005 frá 25. júní 2015 (Stjútíð. ESB L 161, 26.6.2015, bls. 9),
- **32015 R 1006:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1006 frá 25. júní 2015 (Stjútíð. ESB L 161, 26.6.2015, bls. 14).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2015/1005 og (ESB) 2015/1006, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. júní 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 161, 26.6.2015, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 161, 26.6.2015, bls. 14.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júní 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.